



Einkaleyfastofan

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími 609450

Faktor Company
Pósthólf 678
121 Reykjavík

Tilv. vor Our ref.	Dags. Date
430-86/394	13. nóvember 1991

MÁL:

Andmæli Árnason & Co, Höfðabakka 9, 112 Reykjavík f.h. Podravka Koprivnica, P.O. Box 961, 11000, Belgrad, Júgóslavíu.

gegn

skráningu myndmerkis skv. umsókn nr. 394/1986, frá Faktor Company, Pósthólf 678, 121 Reykjavík, í nafni General Foods AB, P.O. Box 615-S-801 28, Gävle, Svíþjóð.

ÁKVÖRDUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

Málsatvik:

Hinn 16. júlí 1986 tilkynnti Björn Árnason, Einarsnesi 21, Reykjavík, til skráningar vörumerki f.h. Kockens AB, Ystad í Svíþjóð. Umsóknin er nr. 394/1986. Óskað var skráningar í 29., 30., 31. og 32. flokk. Vörumerkið var ekki talið skráningarhæft án samþykkis frá Podravka Koprivnica, P.O. Box 961, 11000, Belgrad, Júgóslavíu, eiganda vörumerkis nr. 165/1975.

Þann 18. febrúar 1987 var umsókn nr. 394/1986 framseld til General Foods AB, P.O. Box 615-S-801 28, Gävle, Svíþjóð. Þann 13. september 1988 var tilkynnt til vörumerkjaskrár að Faktor Company hefði tekið við sem umboðsaðili fyrirnefndrar umsóknar.

Með bréfi dags. 6. desember 1990 fór tilkynnandi fram á að gildissvið merki sins yrði takmarkað og það skráð í 31. og 32. flokki. Merkið var samþykkt til skráningar með þeirri takmörkun og birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 17. janúar 1991.

Með bréfi dags. 15. mars 1991 andmælti Árnason & Co, Höfðabakka 9, 112 Reykjavík, f.h. Podravka Koprivnica, P.O. Box 961, 11000, Belgrad, Júgóslavíu skráningu vörumerkisins. Andmælin eru byggð á ruglingshættu við vörumerki nr. 165/1975 sem skráð er fyrir vörur í 29. og 30. flokki. Með bréfi dags. 19. júní 1991 færði andmælandi fram rök gegn skráningu merkisins. Andmælandi telur merkin sláandi lík og að veruleg hættu sé á að villast megi á þeim. Til frekari rökstuðnings vísar andmælandi til 3. mgr. 3. gr. vörumerkjalaga. Einnig bendir andmælandi á að tilkynnandi leitaði eftir samþykki fyrir skráningu merkisins hér á landi en andmælandi hafnaði því alfarið.

Þann 5. september 1991 færði tilkynnandi fram rökstuðning sinn í ofangreindu máli. Tilkynnandi bendir á að það sé fyrst og fremst heildarmynd merkja sem úrslitum ræður við mat á ruglingshættu. Tilkynnandi telur að hugmynd að myndmerki sé ekki vernduð í vörumerkjarétti. Að mati tilkynnanda eru merkin gagnólik og því sé engin ruglingshætta fyrir hendi milli merkjanna. Ennfremur bendir tilkynnandi á að vörulisti hafi verið þrengdur og umsóknin sé því ekki fyrir sömu flokka og skráð merki andmælanda. Þegar umsókn tilkynnanda tók ekki lengur til sömu flokka og merki andmælanda var merkið tekið til birtingar.

NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkis skv. umsókn nr. 394/1986, fyrir vörur í 31. flokki og 32. flokki. Andmælandi er eigandi vörumerkis nr. 165/1975 fyrir vörur í 29. og 30. flokki.

Tekið skal fram að við ákvörðun um hvort merki sé hæft til birtingar eru ekki tekin til athugunar öll þau atriði sem koma til álita þegar um andmælamál er að ræða. Þótt merki hafi verið tekið til birtingar er ekki þar með sagt að það geti ekki við nánari athugun reynst óskráningarhæft.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, skal ekki telja vörumerki svo lík hvert öðru að ruglingi geti valdið, nema merki nái til sömu vöru eða vöru svipaðrar tegundar. Það sem höfuðmáli skiptir er hvort neytendur geti villst á merkjum. Flokkar 29., 30., 31. og 32. hafa að geyma mjög svipaðar vörur sem

oft eru boðnar eru til sölu á sama stað. Telja verður því að vörulíking geti verið til staðar milli merkja í þessum flokkum.

Meðal þess er áhrif hefur á mat á ruglingshættu er „fyrirmynd“ merkja þ.e. sú hugmynd sem liggur að baki útliti þeirra. Sé „fyrirmynd“ merkja hin sama eykst hætta á því að almenningur villist á þeim. Ekki er þó nægilegt að „fyrirmynd“ ein og sér sé hin sama, heldur verður einnig að vera til staðar sjón- og/eða hljóðlíking. Það er ávallt heildarmynd vörumerkja sem úrslitum ræður um ruglingshættu.

Bæði vörumerkin sýna andlitsmynd af dæmigerðum matsveini. Í báðum tilvikum myndar matsveinninn þekkt gæðamerki með fingrunum. Ljóst er því að hugmyndin er hin sama að baki merkjunum. Þegar metin er heildarmynd merkjanna verður að telja að um augljósa ruglingshættu sé að ræða milli þeirra.

ÞVÍ ÁKVARÐAST:

Skráning vörumerkis skv. umsókn nr. 394/1986 er hafnað.

Ásta Valdimarsdóttir, lögfr.

Afrit sent til:
Árnason & Co.
Höfðabakka 9
112 Reykjavík